

## Skýrsla stjórnar á ársfundi Frjálsa lífeyrissjóðsins 13. maí 2019

### **Ásdís Eva Hannesdóttir, stjórnarformaður**

Fundarstjóri, sjóðfélagar og aðrir fundarmenn.

Ég vil bjóða ykkur velkomin á ársfund Frjálsa lífeyrissjóðsins. Það er nú tæpt ár síðan við komum saman hér síðast á ársfundi sem var sögulegur fyrir margar sakir en það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan þá og ýmislegt sem mig langar að segja ykkur stuttlega frá. Á liðnu ári hefur stjórn Frjálsa unnið hörðum höndum að því að skerpa á sjálfstæði sjóðsins. Samstarf Arion banka og Frjálsa lífeyrissjóðsins hefur verið, og er enn, afar farsælt. Rekstrarfyrirkomulag sjóðsins hefur átt stóran þátt í þeirri velgengi sem sjóðurinn hefur notið allt frá stofnun hans fyrir rúmlega 40 árum síðan. Hinsvegar er það mitt mat, og mat stjórnar Frjálsa að mikilvægt sé að á því liggi enginn vafi að sjóðurinn sé sjálfstæður og samband hans við Arion banka sé aðeins byggt á faglegum grunni til þess föllnum að tryggja hagsmuni sjóðfélaga framar öllu öðru. Þær breytingar sem stjórn hefur farið í á liðnu ári eru því til þess fallnar að gera góðan sjóð enn betri.

Rekstrarsamningur sjóðsins við Arion banka var tekinn upp og endurskoðaður í vetur í vinnu leidda af stjórnarmönnum Frjálsa, þeim Elíasi Jónatanssyni, Halldóri Friðriki Þorsteinssyni og Magnúsi Pálma Skúlasyni. Jafnframt var rekstrarsamningur sjóðsins gerður opinber og er nú aðgengilegur á vef Frjálsa fyrir þá sem vilja kynna sér hann.

Á næstunni mun innri endurskoðun Frjálsa vera flutt frá Arion banka til sjálfstætt starfandi endurskoðunarfélags.

Framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins er nú orðinn starfsmaður sjóðsins í stað þess að vera starfsmaður Arion banka og ber meðal annars ábyrgð á eftirliti með útvistun reksturs Frjálsa til bankans. Samhliða þessum breytingum hefur sjóðurinn gjörbreytt útliti sínu, opnað nýjan og endurbættan vef og Facebook síðu ásamt því að hafa lagt meiri áherslu á markaðsmál en áður.

Með nýjum og endurbættum vef og útliti er Frjálsi betur í stakk búinn að fara í sókn og kynna fyrir fleira fólki þá miklu sérstöðu sem sjóðurinn hefur upp á að bjóða til að mynda með erfanlegum lífeyrissparnaði úr skyldusparnaði.

En að því sögðu þá er ég knúin til að nefna að sérstaða Frjálsa er í hættu verði lífeyrirluti lífskjarasamningsins innleiddur í óbreyttri mynd. Lífskjarasamningurinn skyldar alla sjóðfélaga lífeyrissjóða, þ.á.m. Frjálsa, að greiða að lágmarki 12% af skylduiðgjaldi sínu í samtryggingu og að hámarki 3,5% í séreign.

Verði þessar breytingar að veruleika verður uppbyggingu og forsendum lífeyrissparnaðar tugþúsunda einstaklinga raskað og valfrelsi sjóðfélaga takmarkað verulega.

Sem dæmi má nefna að af 15 og hálfis prósentu skylduiðgjaldi í Frjálsa lífeyrissjóðinn geta sjóðfélagar valið að 3,4 prósentustig renni í samtryggingu og 12,1 prósentustig í séreign sem erfist. Erfanleiki skylduiðgjaldanna myndi þannig minnka um 71%.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn mun beita sér fyrir því að sjóðfélagar haldi sínu valfrelsi og möguleikum á séreignarmyndum úr skyldusparnaði á þeim vettvangi sem sjóðurinn getur og kalla eftir víðtækara samráði áður en farið verður í slíkar grundvallarbreytingar á lífeyriskerfinu. Ég vil einnig nýta tækifærið til að hvetja alla sem hér eru komnir og deila áhyggjum okkar á umræddum breytingum að taka þátt í umræðunni í riti og ræðu eins og hverjum er lagið. Það hefur verið hart barist fyrir því valfrelsi og sveigjanleika sem almenningur hefur í lífeyrismálum hingað til og það er mikilvægt að við öll leggjum okkar á vogarskálina til að standa vörð um það.

Það ætti ekki að hafa farið framhjá neinum sem fylgst hefur með þjóðfélagsumræðunni að bæta þarf álit almennings á lífeyriskerfin.

Að mínu mati þurfa lífeyrissjóðir að hlusta á eigendur sína, sjóðfélagana, og eiga við þá samtal á öllum stigum æviskeiðsins. Aukin þekking og áhugi sjóðfélaga á þessum mikilvægu málum fæst aðeins með aukinni umræðu og fræðslu. Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur brugðist við þessu t.d. með því að bæta upplýsingagjöf til sjóðfélaga og auka gagnsæi enn frekar ásamt því að í ár er fyrsta árið þar sem allir stjórnarmenn sjóðsins eru kjörnir af sjóðfélögum á ársfundi og lýkur þar með skipun rekstraraðila í stjórn sjóðsins sem hefur viðgengist frá stofnun sjóðsins.

Jafnframt gæti árið í ár verið það síðasta sem stjórnarmenn er kosnir á sjálfum ársfundinum þar sem fyrir liggur breytingartillaga á samþykktum sjóðsins sem heimilar rafrænar kosningar á stjórn sjóðsins.

Sjóðfélagalýðræði er ekki sjálfgefið enda eru það aðeins sjóðfélagar fimm af 21 lífeyrissjóðum sem kjósa alla stjórnarmenn líkt og við gerum í dag. Stjórn Frjálsa vill ganga lengra í þessum málum og fyrir fundinum í dag liggur fyrir breytingartillaga stjórnar á samþykktum.

Breytingartillagan felur í sér að nafn Arion banka verði tekið út úr samþykktum sem rekstraraðili sjóðsins og í stað þess verði stjórn veitt heimild til að gera rekstrarsamning við fjármálafyrirtæki eða annan hæfan aðila um daglegan rekstur sjóðsins. Hyggist stjórn gera breytingar á rekstrarfyrirkomulagi sjóðsins eða vali á rekstraraðila skal slík tillaga borin undir sjóðfélaga og hljóta samþykki a.m.k. 2/3 hluta greiddra atkvæða líkt og gildir um breytingartillögu á samþykktum. Er tillagan í samræmi við ályktun sem var samþykkt á síðasta ársfundi sjóðsins og gerir það að verkum, verði hún samþykkt, að sjóðurinn hefur meira frelsi um fyrirkomulag á rekstri sjóðsins.

Til að gera það auðveldara fyrir hinn almenna sjóðfélaga að taka þátt í mótun sjóðsins til framtíðar er einhugur í stjórn að nýta sér tæknina og stefna að rafrænni kosningu sem fyrst þar sem því verður viðkomið án allra hnökra.

Rétt er að vekja athygli á því að Halldór Friðrik Þorsteinsson, stjórnarmaður í Frjálsa, hefur komið með breytingartillögu á tillögu stjórnar sem felur í sér að stjórn geti tekið ákvörðun einhliða um rekstrarfyrirkomulag eða val á rekstraraðila án þess að leggja hana fyrir sjóðfélaga. Telur Halldór að stjórn eigi að fara ein með valdið. Allir aðrir stjórnarmenn telja aftur á móti í anda sjóðfélagalýðræðis og grunngildis sjóðsins, sem er frelsi sjóðfélaga, að sjóðfélagar taki lokaákvörðun um svo mikilsháttar ákvarðanir sem geta haft veruleg áhrif á rekstur og eignastýringu sjóðsins.

Sum gagnrýni á lífeyrisherfið á vissulega rétt á sér en önnur hinsvegar ekki. Mikið hefur verið rætt og skrifað um tekjutengingar lífeyrissparnaðar við almannatryggingakerfið og þær réttilega gagnrýndar harkalega. Gagnrýnin hefur að einhverju leyti verið á lífeyrissjóðina og orðspor lífeyrisherfisins hlotið hnekki vegna þessa. Rétt er að hafa í huga að ákvarðanir um tekjutengingar eru teknar af stjórnvöldum á hverjum tíma. Ég tek undir þann málflutning að tekjutengingar gangi alltof langt í að skerða greiðslur almannatrygginga til sjóðfélaga sem virðist vera refsað í mörgum tilvikum fyrir það eitt að sýna hagsýni og spara. Víða hefur komið fram að við stofnun almennu lífeyrissjóðanna fyrir 50 árum lá fyrir að greiðslur úr lífeyrissjóðum áttu að vera viðbót við greiðslur almannatrygginga.

Það er mín einlæga skoðun að ef við ætlum að vinna saman að því að bæta lífeyriskerfið í heild sinni eða einstaka sjóði þá sé mikilvægt að umræðan sé málefnaleg og byggð á staðreyndum. Hvort heldur málefnið sé valfrelsi sjóðfélaga á séreignarmyndum úr skyldusparnaði, tekjutengingar almannatrygginga eða einstaka málefni lífeyrissjóðs. Á síðasta ársfundi Frjálsa var hér í pontu sjóðfélagi sem jafnframt situr í endurskoðunarnefnd Lífeyrissjóðs verslunarmanna og kynnti hann samanburð á ávöxtun og kostnað Frjálsa í samanburði við nokkra aðra lífeyrissjóði þar sem Frjálsi kom ekki vel út. Samanburður þessi var síðar hrakinn af ráðgjafafyrirtækinu Analytica þar sem kom í ljós að hann gæfi beinlínis ranga og misvísandi mynd af ávöxtun samtryggingardeilda sjóðanna. Ávöxtun Frjálsa var í raun hæst af þeim sjóðum sem voru til samanburðar eftir að leiðrétt hafði verið fyrir markaðsávöxtun skuldabréfa sem gerð eru upp á kaupkröfu. Ennfremur var samanburður á kostnaði sjóðanna villandi. Þetta þykir mér miður því Frjálsi lífeyrissjóðurinn fagnar því þegar sjóðfélagar rýna starfsemi sjóðsins til gagns þar sem slík umræða veitir stjórn og starfsfólki sjóðsins nauðsynlegt aðhald. Slíku var hinsvegar ekki að dreifa í umræddum samanburði. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér skýrslu Analytica nánar geta nálgast hana á vef sjóðsins.

Eins og var farið yfir á síðasta ársfundi, fól Frjálsi, ásamt Festu og öðrum lífeyrissjóðum, lögmanni það verk að fara í gegnum fjárfestingu sjóðanna í United Silicon verkefninu. Meðal þess sem lögmaðurinn skoðaði var þáttur stjórnenda félagsins, aðkoma ýmissa ráðgjafa og þáttur opinberra aðila. Fyrstu niðurstöður leiddu til þess að lögð var fram kæra á hendur fyrrum forstjóra með ábendingu um mögulegan þátt annarra aðila. Þá var kröfum lýst í þrotabú félagsins og ábendingum komið á framfæri við skiptastjóra um eftirfylgni nokkurra mála. Niðurstöður af skoðun lögmannsins koma fram í skýrslu hans, sem birt var á heimasíðu Frjálsa. En auk þess að benda þar á alvarleg brot, sem fyrrum framkvæmdastjóri er talinn hafa framið, þá kemur fram gagnrýni á ýmsa ráðgjafa og opinberra aðila, sem að verkefninu komu. Þannig er gagnrýndur þáttur ráðgjafa, svo sem endurskoðanda og verkfræðistofa, auk þess sem bent er á bresti í ákvörðunum opinberra aðila með vísan í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Stjórn Frjálsa hefur nú, í samfylgd með öðrum lífeyrissjóðum, ákveðið að fylgja þessari vinnu eftir frekar og leita réttar sjóðanna og eftir atvikum hefja undirbúning málshöfðunar ef svo ber undir.

Að baki er viðburðarríkt ár bæði í starfsemi sjóðsins og á fjármálamörkuðum almennt. Ávöxtun ársins 2018 einkenndist af töluverðum sveiflum. Sá eignaflokkur sem hækkaði mest á árinu voru löng verðtryggð skuldabréf, en það er annað árið í röð sem verðtryggð skuldabréf gefa betur af sér en óverðtryggð skuldabréf. Samhliða því lækkuðu raunvextir á markaði og kaflaskil urðu í verðbólguþróuninni í desember þegar tólf mánaða verðbólga mældist 3,7%. Árið í ár fer afar vel af stað og er nafnávöxtun fjárfestingarleiða Frjálsa sl. 12 mánuði á bilinu 8,2% - 14,1%.

Það er með miklu stolti sem ég stend hér í dag sem stjórnarformaður Frjálsa lífeyrissjóðsins og ég vil nýta tækifærið til að þakka ykkur traustið sem þið hafið sýnt sjóðnum í gegnum tíðina. Það hefur margt gott gerst á sl. ári og margt jákvætt í farvatninu. Hinsvegar eru líka sjáanlegar hindranir á næstu grösom en ég hef fulla trú á því að við munum í sameiningu yfirstíga þær og halda áfram að gera góðan sjóð enn betri og hér verði byggt upp sanngjarnt lífeyriskerfi sem hlustar á sjóðfélagana og býður upp á raunverulegt valfrelsi.